

Ed.

### **99. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um dánarskýrslur.

Frá Kristni Danielssyni.

1. breyt.till. við 1. gr.:

1. gr. öll falli burtu.

2. breyt.till. við 2. gr. (sem verði 1. gr.).

Orðin: »í kirkjusókn, þar sem enginn læknir býr« falli burtu.

3. breyt.till. við 3. gr. (sem verði 2. gr.):

Í stað tveggja fyrstu málsgreina komi svo hljóðandi málsgrein:

Hver prestur skal á ári hverju senda héraðslækni skýrslu um alla, sem dáið hafa í prestakallinu á næstliðnu ári og tilgreina dauðamein þeirra, samkvæmt þeirri vitneskju er 1. gr. ræðir um. Stjórnarráðið lætur prestum í té eyðublöð undir dánarskýrslur.